

5. Okt. Alþjóðadagur kennara 2013



SÉRBLAÐ KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

SÍÐA 2

Sífelld flóknara starf

Viðfangsefni kennara eru margslungin og krefjandi.

SÍÐA 3

Fjölga þarf kennurum

57 milljónir barna um heim allan njóta enngar menntunar.

SÍÐA 4

Vel heppnað átak

Með samstilltu átaki hefur orðið viðsnúningur í læsi barna á Reykjanesi.

Fjölgum kennurum – aðgerða er þörf

Hátt í 40 milljónir kennara um allan heim fagna í dag Alþjóðadegi kennara. Yfirskrift dagsins í ár er „Fjölgum kennurum“. Ástæðan er ærin enda ljóst að alvarlegur skortur verður á kennurum í hinum vestræna heimi innan fárra ára.

Ísland er þar engin undantekning þegar kemur að yfirvofandi kennaraskorti. Fjölmennir árgangar kennara á öllum skólastigum fara á eftirlaun á næstu árum. Mikið vantar upp á að nógu margir séu nú í kennaranámi til að fylla í skarðið.


SKAMMARLEG LAUN

Ástæðurnar fyrir því að fá ungmenni velja að leggja kennslu fyrir sig eru margþættar. Þar leika kjörin augljóslega stórt hlutverk. Samningsbundin laun íslenskra kennara eru í dag helmingi lægri en annarra háskólamenntaðra stétta. Til samanburðar eru kjör danskra og finnskra kennara nánast

á pari við aðra háskólamenntaða hópa. Hlutfallið hér á landi er með því lakasta sem þekktist á Vesturlöndum. Fyrir þessum mikla mun eru engin rök. Hugsanlega líða kennarar fyrir að um áttatíu prósent þeirra eru konur. Getur verið að vegna þess finnist einhverjum í lagi að borga þeim svo lág laun? Það er auðvitað óboðlegt í nútímasamfélagi.

ÞJÓÐARSÁTT UM SKÓLAKERFIÐ

Öll aðildarfélög KÍ eru í vetur með lausa samninga. Kennarar munu koma að borðinu með einfalda og sanngjarna kröfu – að njóta sömu kjara og aðrir sérfræðingar með sambærilega menntun. Aðeins



Samningsbundin laun íslenskra kennara eru helmingi lægri en annarra háskólamenntaðra stétta. Þetta þarf að leiðrétta,“ segja Björg og Þórður.

MYND/PIETUR

þannig er hægt að fjölga kennurum og þar með tryggja öflugt skólastarf til framtíðar. Um það verkefni þarf að skapa þjóðarsátt. Það er beinlínis varhugavert að búa við óbreytt ástand og eiga það á hættu að skólakerfið molni innan frá.

Þrátt fyrir sparnað síðustu ára er skólakerfið enn gott. Íslendingar eru í fararbroddi hvað varðar heildstæða menntastefnu allt frá leikskóla til háskóla. Alþjóðlegar mælingar sýna líka að skólakerfið

hér á landi er meðal þeirra tuttugu bestu í heiminum. En brotalamirnar eru smám saman að koma í ljós og við því þurfa ráðamenn að bregðast. Á sama tíma og KÍ óskar kennurum til hamingju með daginn kallar það eftir að ráðamenn sýni pólitískan vilja til að gera raunverulegar breytingar. Loforð um slíkt væri afar viðeigandi á alþjóðadegi kennara.

Þórður Á. Hjaltsted, formaður KÍ, og Björg Bjarnadóttir, varaformaður KÍ.

Sífelld stærri hluti starfsins fer fram utan skólastofunnar

Kennarastarfið er að mati **Ásgríms Albertssonar**, umsjónarkennara í Hólabrekkuskóla, fjölbreytt og gefandi.

„Ég er í stöðugum samskiptum við fólk allan daginn sem gerir starfið lifandi og skemmtilegt. Það koma auðvitað upp erfið mál en góðu stundirnar eru miklu fleiri en þær slæmu,“ segir Ásgrímur Albertsson, umsjónarkennari í níunda bekk og kennari í áttunda til tíunda bekk í Hólabrekkuskóla Reykjavíkur. Greinarnar sem hann kennir eru stærðfræði, íslenska og samfélagsfræði.

„Ég mæti fyrir klukkan átta alla morgna og reyni að ná einum kaffibolla og smá spjalli við vinnufélagana áður en fyrsta kennslustund byrjar upp úr klukkan átta. Það getur tekið á ef fyrsti tíminn er þungur. Nemendur segja það hreinlega ómannúðlegt að kenna stærðfræði fyrir klukkan níu á morgnana, sérstaklega á mánudögum! En hjá því verður víst ekki komist.“

Kennt er í 40 eða 80 mínútna lotum. Á milli eru fimmtán mínútna frímínútur. Kennarinn er augljóslega bundinn í kennslustofunni í tímum og hléin á milli þeirra eru fljót að líða. Næsta hlé er hálf tíma hádegisverðarhlé sem hefst klukkan 12.40. Í flestum störfum geta menn borðað í rólegheitum, hlustað á fréttir eða skotist út. Það á ekki við

Ásgrím, sem borðar fjóra af fimm virkum dögum í matsal skólans. „Það er oftast skemmtilegt því krakkarnir eru nánast undantekningarlaust til fyrirmyndar. Maður þarf þó að vera vakandi og minna þá á að ganga vel um. Í matsalnum gefst líka tími fyrir létt spjall við nemendur þar sem maður getur minnt þá á mikilvægi þess að halda með Manchester United í enska boltanum.“

Suma daga snýr Ásgrímur til kennslu eftir hádegi. Aðra daga er kennslunni lokið þá. Það er þó langt frá því að vinnudagurinn sé þar með á enda. „Einhvern veginn er það þannig að verkefnum utan kennslustofunnar fjölga stöðugt. Kennurum er gert að taka vikulega þátt í endurmenntun. Þá þarf að funda um skólastarfið og undirbúa kennsluna. Svo koma alltaf upp einhver úrlausnarefni sem í mörgum tilfellum þarf að leysa í samstarfi við foreldra. Í það fer oft mikil vinna. Funda þarf með öðrum starfsmönnum skólans og auðvitað foreldrum. Eitt mál er því mjög fljótt að éta upp stundirnar sem eftir eru af deginum.“

En þar með er ekki allt talið. Með aukinni þekkingu og rannsóknum eru kennarar og



„Einhvern veginn er það þannig að verkefnum utan kennslustofunnar fjölga stöðugt,“ segir Ásgrímur.

MYND/GVA

aðrir sérfræðingar stöðugt meðvitaðri um að vandamál nemenda geta átt sér flóknar skýringar. „Greiningum í skólakerfinu fjölga stöðugt og þeim fylgir vinna. Það kallar á fundi með t.d. félagsráðgjöfum, sálfræðingum og öðrum sérfræðingum. Þessi mál eru alltaf viðkvæm. Það þarf að meta þroska nemanda, velja námsefni við hæfi, hvort hann þurfi á sérkennslu að halda o.s.frv. Þar þarf augljóslega að vanda til verka og maður gefur því þann tíma sem þarf,“ segir Ásgrímur. Hann bætir við að vinnudagurinn sé því oft langur.

„Ég er oft að vinna til klukkan sex eða sjö á kvöldin sem er langt umfram það sem borgað er fyrir. Í hverri viku vinn ég alltaf

„Ég er oft að vinna til klukkan sex eða sjö á kvöldin sem er langt umfram það sem borgað er fyrir.“

nokkra klukkutíma sem ég fæ ekki greitt fyrir og þannig á það auðvitað ekki að vera.“ En að löngum vinnudegi loknum eru það ekki vandamál sem Ásgrímur man eftir. „Það sem gefur starfinu gildi er að fá að fylgjast með nemendum þroskast og vaxa. Verða vitni að framförumum og öllum litlu sigrunum. Það er ómetanlegt.“

MENNT ER MÁTTUR



Ávarp menntamálaráðherra í tilefni dagsins

Stuðlað að markvissri starfsþróun og símenntun kennara



Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra.



Ég bind miklar vonir við að starf fagradsins muni efla íslenska kennara og skapa þeim betri forsendur...

Um þessar mundir er íslenska menntakerfið í mikilli deiglu. Alþingi setti nýjan laga-ramma um skólakerfið og alla helstu þætti menntamála á fyrsta áratug þessarar aldar. Þar eru lagðar meginlínur um nýja menntastefnu á 21. öld. Nýjar aðalnámskrár hafa verið gefnar út og verið er að hrinda í framkvæmd nýjum hugmyndum um nám, kennslu og skólastarf.

Kennarar og skólastjórnendur gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum. Í metnaðarfullu þróunarstarfi þarf að reiða sig á fagmennsku kennarastéttarinnar. Fagmennska kennara og skólastjórnenda byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins og snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Mikilvægt er að kennarar fái tækifæri til að þróa kennsluhætti og faglegt samstarf á skapandi hátt í samræmi við forsendur nemenda, þróun samfélagsins og möguleika nýrrar tækni.

Ráðuneytið hefur nýlega, í góðri samvinnu við Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og háskóla sem mennta kennara, stofnað Fagråd um starfsþróun kennara. Fagråðið skal stuðla að markvissri faglegri starfsþróun og starfstengdri símenntun fyrir kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Ég bind miklar vonir við að starf fagradsins muni efla íslenska kennara og skapa þeim betri forsendur til að bæta starfsskilyrði sín og þróa íslenska menntakerfið á komandi árum og auka tengsl kennara á öllum skólastigum.

Öll erum við sammála um að nemendur eiga kröfu á bestu mögulegu þjónustu sem skólakerfið getur veitt þeim. Ég veit að það er metnaðarmál allra þeirra vel menntuðu kennara sem starfa í íslensku menntakerfi að vinna markvisst að faglegum umbótum í þá átt og ég hlakka til samstarfsins fram undan.



Kennarar framtíðarinnar á Menntavisindasviði Háskóla Íslands.

MYND/MOTIV

Menntun kennara á 21. öld býr þá undir sífellt flóknara starf

Viðfangsefni kennara eru margslungin og krefjandi.

Íslenskir kennarar sækja menntun sína í Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands eða til annarra landa. Menntunin býr kennaraefnin undir sérfræðistarf og samanstandur af þriggja ára grunnmenntun og framhaldsmenntun sem lýkur með meistara-gráðu og veitir réttindi til að takast á við kennslu í leik-, grunn- eða framhaldsskóla. Lög um fimm ára nám kennara á öllum

skólastigunum voru samþykkt frá Alþingi árið 2008.

Raddir heyrast sem telja að rangt hafi verið að lengja kennaranám á Íslandi í fimm ár. Gripið er til útreikninga til að sýna fram á óhagkvæmni þess. Lenging kennaranámsins var hins vegar nauðsynleg. Helstu rökinn fyrir því eru að kennarastarfið er eitt þeirra starfa sem verða sífellt flóknari. Viðfangsefni kennara nú til dags eru margslungin og krefjandi og mikil pressa er á þá

frá nemendum, foreldrum, vinnuveitendum og samfélaginu öllu. Gerð er krafa um staðgöða fagþekkingu og hæfni á sviðum eins og upplýsingatækni, samskiptafærni og hópstjórnun. Auk þess eiga kennarar að kunna skil á sértækum vandamálum sem nemendur eiga við að etja. Þess vegna er nauðsynlegt að undirbúa kennara vel til að takast á við starf sitt. Undirstöðugóð menntun er lykillinn að því, líkt og að öðrum sambærilegum störfum.

Að koma ungu fólki til manns

Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir, sem nam upphaflega félagsráðgjöf, hefur í lengst í starfi kennarans. Hún kennir við Fjölbautaskóla Vesturlands sem hún segir góðan og persónulegan skóla.

Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir kennir félagsgreinar í Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi og er náms- og starfsráðgjafi við skólann. Hún er auk þess deildarstjóri í samfélagsgreinum, jafnréttisfulltrúi og situr í áfallateymi skólans. Hún er með BA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum frá HÍ og hefur starfsréttindi í félagsráðgjöf og náms- og starfsráðgjöf. Í vetur bætir hún við sig diplómanámi í kynjafræðum við Háskóla Íslands og stefnir á að ljúka meistara-gráðu.

FRÁBÆRT AÐ SJÁ NEMENDUR VAXA, ÞROSKAST OG MENNTAST

„Ég hef kennt og starfað sem náms- og starfsráðgjafi við FVA frá 1996. Þar að auki var ég náms- og starfsráðgjafi við Háskólann á Bifröst um tíma og ég hef líka kennt mikið á námskeiðum hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands,“ segir Ólöf.

Hún ætlaði ekki í upphafi að verða kennari en langaði að starfa sem félagsráðgjafi og hafði menntað sig til þess þegar hún flutti aftur á Akranes árið 1995. En þá var ekki mikið um lausar stöður á hennar sviði. „Ég fékk hins vegar starf í FVA sem kennari. Ég er enn þá að og það er alveg pottþétt ekki vegna launanna,“ segir Ólöf. „Ég hef gaman af því að vera með fólki og sem kennari kynnist maður mörgum, bæði nemendum og samstarfsfólki, og enn fleirum gegnum samstarf og nefndavinnu. Mér finnst ungt fólk, og reyndar flest allt fólk, skemmtilegt og áhuga-vert. Mér finnst gaman að miðla upplýsingum



„Að mínu mati sinnir FVA því hlutverki sínu að koma ungu fólki til manns með miklum sóma,“ segir Ólöf.

og fræða og það er mjög gefandi að sjá nemendur vaxa og þroskast. Það er frábært að upplifa með þeim allar þær breytingar sem þeir ganga í gegnum á skólagöngunni og verða vitni að því hvernig þeir menntast.“

AUÐVELT AÐ KYNNAST Í LITLUM SKÓLA

„Menntun er undirstaða flests í því samfélagi sem við kjósum að búa í. Ef ekki væri fyrir skóla hefðum við ekki aðgang að menntuðum fagstéttum hvaða nöfnum sem þær nefnast þannig að mikilvægi menntunar er tví-

mælalaust,“ segir Ólöf. Og hún bætir við: „Fjölbautaskóli Vesturlands á Akranesi er góður skóli. Hann er í fararbroddi á ýmsum sviðum, það sést t.d. á nemendum frá okkur sem fara í háskólanám og standa sig mjög vel. Skólinn er ekki mjög stór sem þýðir að hann er persónulegur. Það er auðvelt fyrir nemendur að kynnast hver öðrum, kennurum og öðru starfsfólki skólans. En mikilvægasta hlutverk allra skóla er að koma unga fólkinu til manns. Að mínu mati rækir FVA það hlutverk sitt með sóma,“ segir Ólöf.

Kemur til móts við ólíka getu, þarfir og áhuga

Framhaldsskólar á Íslandi eru 31 og afar fjölbreytilegir. Sá elsti, Menntaskólinn í Reykjavík, var stofnaður 1846 en sá nýjasti, Menntaskólinn á Tröllaskaga, hóf störf 2010. Fjölbautaskóli hefur verið starfræktur á Akranesi frá því 1977. Fjölbautaskóli Vesturlands á Akranesi býður upp á nám til stúdentsprófs af félagsfræðibraut, málbraut og náttúrufræðibraut og viðbótarnám til stúdentsprófs fyrir þá sem hafa lokið starfsnámi. Hann býður upp á iðnnám til loka í húsasmíði, vélvirkjun og rafvirkjun, fyrrihluta náms í öllum byggingagreinum, málmíðngreinum og rafiðngreinum og starfstengt nám á viðskiptabraut og sjúkraliðabraut. Enn fremur er almenn námsbraut í boði sem og starfsbraut fyrir hugfatlaða.

Nemendur FVA eru tæp sex hundruð í vetur. Þar af er rúmur helmingur á stúdentsbrautum, rúmur fjórðungur í iðnnámi og um fimmtungur í öðru námi. Starfsmenn skólans eru alls sjötíu, þar af 47 kennarar.

Fjölbautaskóli Vesturlands kemur til móts við ólíka getu, þarfir og áhuga. Hann byggist á skólahefð sem hefur reynst vel í langan tíma og leggur áherslu á að allir séu velkomnir, fái viðfangsefni við hæfi, vinni vel og nái góðum árangri. Skólinn býr nemendur undir nám við allar deildir háskóla. Vaxandi hlutfall iðnnema lýkur stúdentsnámi ásamt námi til sveinsprófs og margir þeirra sækja tækninám á háskólastigi bæði hérlendis og erlendis.



El berst fyrir því að allir, hvar sem er í heiminum, geti notið góðrar menntunar í almennum skólum.

Fjölögum kennurum

Education International tengir saman kennara um heim allan. Í dag eru 57 milljónir barna sem ekki njóta menntunar. Lyfta þarf grettistaki og liður í því er að fjölga kennurum.

Kennarasamband Íslands er aðili að Alþjóðasambandi kennara, Education International (EI), sem er fjölmennasta samband stéttarfélaganna í heiminum með þrjátíu milljónir félaga í um fjögur hundruð samtökum í um hundrað og sjötíu löndum og landsvæðum víðs vegar um veröldina. Hlutverk sambandsins er að tengja saman kennara og aðra starfsmenn menntastofnana um allan heim.

- EI berst fyrir því að allir, hvar sem er í heiminum, geti notið góðrar menntunar í almennum skólum.
- EI styður, og stendur fyrir, hags-

muni kennara og annarra starfsmanna skóla á alþjóðlegum vettvangi.

- EI leggur lið uppbyggingu sjálfstæðra, lýðræðislegra samtaka kennara og annarra starfsmanna skóla sem ætlað er að vinna að hagsmunum og efla samtakamátt þeirra.
- EI berst fyrir jafnrétti. Það berst gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri. Það rís gegn hvers konar mismunum sem byggist á misrétti kynjanna, kynhneigð, fjárhagslegri eða félagslegri stöðu, kynþætti eða menningarlegum mun.
- EI vinnur með öðrum svipuðum

stéttarfélagssamtökum og bandalögum sem standa fyrir og stuðla að samstöðu þessara stétta.

Aðalmarkmið Alþjóðasambands kennara er að öll börn í heiminum fái að ganga í skóla og njóta gæðamenntunar. Stefnt er að því að markmiðið náist fyrir 2015. Núna eru 57 milljónir barna sem ekki njóta neinnar menntunar. Það þarf að lyfta grettistaki til að ná þessu háleita markmiði. Liður í því er að fjölga kennurum þar sem mesti skorturinn er. Þess vegna er slagorð Alþjóðasambands kennara árið 2013: Fjölögum kennurum!

Meginstoð tónlistarlífsins

Tónlistarskóli Ísafjarðar er einn elsti tónlistarskóli landsins. Í bænum er tónlistarnám talið eðlilegur hluti uppeldis og hafa flestar fjölskyldur á svæðinu átt börn í skólanum.

Eitt aðaleinkenni Tónlistarskóla Ísafjarðar er hin mikla virkni hans í samfélaginu. Flestar fjölskyldur í bænum hafa átt börn í skólanum og er tónlistarnám talinn eðlilegur þáttur uppeldis. Fjölbreytt og viðamikili tónleikahald er sterkur þáttur í skólastarfinu og lögð er rík áhersla á að allir nemendur komi fram og syngi og leiki fyrir áheyrndur á tónleikum. Samæfingar eru haldnar reglulega þar sem nemendur fá þjálfun í að koma fram,“ segir Ingunn Ósk Sturludóttir, starfandi skólastjóri skólans, sem er einn elsti tónlistarskóli landsins, stofnaður árið 1948.

Tónlistarskóli Ísafjarðar starfar á þremur stöðum; Ísafirði, Flatøyri og á Þingeyri. Nemendur eru á þriðja hundrað en auk þess eru fjölmargir eingöngu í kór eða lúðrasveit. Kennarar skólans eru sextán af ýmsum þjóðernum og kenna á öll helstu hljóðfæri auk söngs og tónfræðigreina. Í skólanum starfa þrjár lúðrasveitir, strengjasveitir yngri og eldri nemenda, barnakór og skólakór, auk ýmissa minni hópa sem æfa eftir því sem tilefni gefst.

Markmið skólans hefur frá upphafi verið að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs í Ísafjarðarbæ. Þar er börnum jafnt sem fullorðnum gefinn kostur á að stunda tónlistarnám og efla sköpunargleði og hugmyndaflug. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á félagslegt gildi tónlistaríðkunar með þátttöku nemenda í samleik, kór- og hljómsveitastarfi. Skólinn býr nemendur einnig undir



Beata Joó, tónlistarskólakennari á Ísafirði, segir nemandu til við píanoíð.

haskólanám í tónlist og hafa fjölmargir nemendur hans stundað það. Skólinn er einn af samstarfsaðilum Listaháskóla Íslands og heimsækja fyrsta árs nemandur tónlistardeildar LHÍ Ísafjörð reglulega.

Ingunn Ósk segir tónlistarskólann vinna náið með Grunnskóla Ísafjarðar og að hann taki nú í vetur þátt í tilraun í samvinnu við Skóla- skrifstofu Vestfjarða þar sem hefðbundið skólastarf er brotið upp og nemendum gefinn kostur á að stunda tónlistarnám sitt á skólatíma, auk þess sem þeim er boðið að taka þátt í kór og lúðrasveit Tónlistarskólans. Þeim yngstu býðst að sækja forskólann. Tilraun þessi fer vel af stað og útlit er fyrir að framhald verði á og hugmyndin útfærð nánar.

Auk hefðbundinnar kennslu hefur Tónlistarskóli Ísafjarðar staðið fyrir mörgum stórum menn-

ingarverkefnum. Má þar nefna söngleikjauppfærslur í samvinnu við Litla leikklúbbinn: Kardimommubæinn, Oliver og Söngvaseið. Hátíðarkór TÍ starfar með hléum og hefur flutt verk á borð við Messías Händels, Requiem Mozarts og Gloríu Poulencs. Frá árinu 2003 hefur skólinn verið virkur aðili að tónlistarhátíðinni „Við Djúpið“. Einnig hafa nemendur og kennarar skólans tekið þátt í rokkhátíðinni „Aldrei fór ég suður“.

Að öllu ofantöldu er ljóst að ekki væri hægt að reka svo viðamikili starf nema með góðu fagfólki. Það hefur alla tíð verið styrkur Tónlistarskóla Ísafjarðar að vera skipaður frábæru liði kennara. Þeir leggja sitt af mörkum til að gera Tónlistarskóla Ísafjarðar að þeirri meginstoð tónlistarlífs í Ísafjarðarbæ sem hann er.

● ÞÚ BÝRÐ ÆVILANGT AÐ GÓÐUM KENNARA

Það er ánægjulegt að sjá hvað grunnskólinn okkar stendur vel þrátt fyrir mikinn niðurskurð. Með ótrúlegri seiglu kennara og annarra starfsmanna hefur tekist að halda góðu skólastarfi gangandi á erfiðum tímum. Kennarar vinna kraftaverk á hverjum degi og leggja sig fram við að sinna nemendum sínum af alúð. Þannig viljum við hafa það; góðan skóla sem er í stöðugri þróun og gæðin sambærileg alls staðar á landinu.

Starf grunnskólakennara er mjög fjölbreytt, enginn dagur er eins og annar og verkefni fjölmörg. Kennarar vilja og geta náð enn lengra, en eitt af því sem þarf að koma til eru bætt starfskjör þeirra. Það er gleðiefni að finna að um það er að skapast almenn sátt í samfélaginu. Gerum góðan skóla enn betri.



Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara.

● ÍSLENSKUR FRAMHALDSSKÓLI ER FYRIR ALLA

Íslenskir framhaldsskólar eru góðir skólar. Styrkur þeirra felst meðal annars í því að þeir eru fyrir alla en um 95% hvers árgangs stunda nú einhvers konar nám á framhaldsskólastigi. Þeir sem eldri eru, og ekki hafa lokið framhaldsskólánámi, eiga afturkvæmt í skólann og langt er síðan farið var að opna námsleiðir fyrir þá sem þurfa sérstök úrræði. Þannig stundar breið fylking nemenda nám hlið við hlið og eykur fjölbreytileika skólasamfélagsins. Framhaldsskólakennarar og annað fagfólk sem þar starfar er vel menntaður hópur sem leggur hart að sér og vinnur ótullega að settum markmiðum þrátt fyrir að vinnuframlag þeirra sé ekki metið til góðra launa.

Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.



● BÆTT LAUN OG STARFSKJÖR MUNU FJÖLGA LEIKSKÓLAKENNURUM

Leikskólastigið er framsækið skólastig sem hefur þróast hratt undanfarna áratugi. Í leikskólanum býr mikið frelsi. Frelsi til að þróa kennsluáferðir, frelsi til að nota allan heiminn sem kennslustofu, frelsi til að skapa og hafa áhrif á einstaklinga á jákvæðan hátt til frambúðar. Í því felst mikil ábyrgð. Í leikskólum rúmast ólíkar skoðanir framsækinnar kennara sem allir vilja mennta nemendurna og mæta þeim á forsendum þeirra, áhuga og getu. Til að gera gott skólastig enn betra þarf að mennta fleiri leikskólakennara. Til að fleiri vilji gera leikskólakennarastarfið að ævistarfi sínu verða laun og starfskjör að standast samanburð við aðra sérfræðinga. Það er sameiginlegt verkefni alls samfélagsins.

Haraldur F. Gíslason, formaður Félags leikskólakennara.



● GÓÐ GRUNNMENTUN TRYGGIR FAGMENNSKU

Styrkur grunnskólans á Íslandi í dag byggist á faglega sterkum skólastjórnendum og kennurum sem vinna saman við að byggja upp metnaðarfullt og árangursríkt skólastarf. Fjölmörg dæmi eru um það í skólum landsins og brýnt að vakin sé athygli á því.

Hlutverk skólastjórnenda og kennara eru margþætt; þau snerta nám nemenda og árangur, líðan þeirra og félagslegan þroska. Kennarinn gegnir lykilhlutverki í kennslunni og þarf jafnframt tíma til að undirbúa sig, ígrunda og vinna með öðrum. Aðeins þannig tryggir hann að nemendur læri það sem þeim ber, líði vel og öðlist félagslegan þroska. Því er mikilvægt að skólastjórnendur og kennarar njóti góðrar grunnmenntunar og eigi kost á faglegri starfsþróun jafnhliða starfi.

Svanhildur M. Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands.



● TÓNLISTARSKÓLAR ERU UPPSPRETTA TÆKIFÆRA

Tónlistarskólar á Íslandi standa sterkum stöðum þrátt fyrir niðurskurð undangenginna ára. Það er meðbyr með listgreinum sem sýnir sig í auknum skilningi á gildi lista og aðferðum listfræðslu. Gæði menntakerfa eru mest þar sem listum og menningu er gert hátt undir höfði og sérþekking úti í samfélaginu er virkjuð, samkvæmt skýrslum frá UNESCO.

Tónlistarskólar eru miðstöðvar sérþekkingar og mikilvæg uppspretta í þróun menntakerfa á 21. öld í anda heildtækrar hugsunar. Færð eru rök fyrir því að listir séu öflugasta tækið í skólastarfi til að stuðla að alhliða færni og þroska á öllum skilningarvitum nemandans. Því leggur Félag tónlistarskólakennara áherslu á að tónlistarkennslu sé gert jafnhátt undir höfði og öðrum námsgreinum í grunn- og framhaldsskólum.

Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara.





Nemendur og kennari í Gefnarborg í Garði æfa lestur.

MYND/KI

Leikið og lesið á Reykjanesi

Nemendur á Suðurnesjum voru um tíma undir landsmeðaltali í samræmdum prófum í íslensku. Nú eru krakkarnir suður með sjó í hópi þeirra sem koma best út í læsi.

Suðurnesjamenn sáu sóknarfæri þegar í ljós kom að nemendur væru undir landsmeðaltali í samræmdum prófum í íslensku. Ákveðið var að taka höndum saman og breyta verklagi í skólunum. Skólayfirvöld, kennarar og foreldrar hafa síðan lyft grettistaki og nú eru krakkarnir suður með sjó í hópi þeirra sem koma best út í læsi.

„Niðurstaða okkar var sú að mennta börnin okkar út úr kreppunni. Við vildum gefa þeim tækifæri til að nýta hæfileika sína til hins ýtrasta og töldum best að gera það með því bæta lestrar-

kunnáttu þeirra,“ segir Gylfi Jón Gylfason, fræðslustjóri Reykjanesbæjar.

Kennarar í leik- og grunnskólum í Reykjanesbæ, Sandgerði og Garði vinna náið með starfsfólki fræðsluskrifstofunnar og foreldrum barnanna, sem taka virkan þátt í sóknaráætluninni.

Engin ein lestrarkennsluáferð er betri en önnur að sögn kennaranna þar. Þeir grípa til líkingar og segja: „Við erum öll að baka piparkökur en ekkert okkar notar sömu uppskrift. Það hefur komið í ljós að allar gagnreyndar áferðir virka ef vel er farið með þær.“

Markviss og meðvitund áhersla á læsi í leikskólum á Reykjanesi skilar þegar góðum árangri. Grunnskólakennarar segjast fá börnin úr leikskólunum mun betur búin undir nám í grunnskólanum. Einkunnir nemenda í samræmdum prófum hafa hækkað miðað við landsmeðaltal á yngsta stigi og verið er að vinna í því að auka lestur á mið- og unglingastigi. Fleiri geta lesið sér til gagns og árangurinn er betri en áður. Gylfi Jón sagði kennarana á báðum skólastigunum eiga heiður skilinn fyrir hinn góða árangur sem verkefnið hefur borið.



Símenntun kennara felst meðal annars í því að sækja ráðstefnur.

MYND/KI

Jákvætt viðhorf kennara til starfs síns

Kennarar eru ötulir við að prófa nýjar áferðir og miðla hver öðrum af reynslu sinni.

Mikil gróska og mörg verðug verkefni bíða kennara í skólum landsins, hvort sem þeir eru ungir og óreyndir eða reynsluboltar. Kennarar eru ötulir við að prófa nýjar áferðir, fylgjast með straumum og stefnum og miðla hver öðrum af reynslu sinni. Þetta blasir við á málþingum og ráðstefnum sem kennarar sækja á hverju ári. Eitt slíkt var haldið í júníbyrjun og fjallaði um raungreinakennslu. Þar komu saman hundruð kennara af öllum skólastigum og sýndu og sögðu frá.

Starf kennara er afar margbreytilegt og daglega eru unnir sigrar, stórir sem smáir. Niðurstaða

könnunar sem var lögð fyrir karlkennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum í vor sýndi að rúm 60% svarenda töldu sig geta mælt með starfinu og sögðu það gefandi, skemmtilegt, skapandi, fjölbreytt og ögrandi. Þeir töldu það jafnframt krefjandi og vinnuálag mikið. Þeir töldu kennaramenntunina vera fjölbreytta og hagnýta. Jákvætt viðhorf kennara til starfs síns kemur einnig fram í Vikupóstum kennara á vef Félags framhaldsskólakennara. Margir höfundanna taka fram að það sé gæfa sín að fá að vera í þessu starfi. Þar segir m.a.: „Mér finnst nærandi að umgangast nemendur og finnst starf mitt mikilvægt fyrir samfélagið allt.“

● BETRA UMHVERFI – BETRA STARF – BETRA SAMFÉLAG

Ísland er í fararbroddi fyrir heildstæða hugmyndafræði í skólastarfi. Leikskólinn hefur verið fyrsta skólastigið í yfir tvo áratugi og sambærilegar menntunar er krafist til kennslu á öllum skólastigum. Mjög margir leikskólakennarar hafa sótt sér framhaldsmenntun og þeim sem hafa lokið meistaraþróðu hefur fjölgað mikið. Leikskólastarfið ber þess merki að íslenskum rannsóknum fjölga og það leiðir til framþróunar og betra skólastarfs.

Við viljum halda forystu á heimsvísu og til þess verða laun og starfsaðstæður að vera eftirsóknarverð. Betri kjör, sveigjanleiki til starfsþróunar og stöðugleiki í starfsmannahaldi eru lykilatriði sem við verðum að vinna að.

Ingibjörg Kristleifsdóttir,
formaður Félags stjórnenda leikskóla.



● STYRKUR SKÓLA, SÝN TIL FRAMTÍÐAR

Tuttugasta öldin og sú tuttugasta og fyrsta nýbyrjuð hafa fært fram á sjónarsviðið nýjar spurningar. Við viljum skilja og stjórna umhverfinu og niðurbrotskraftar eru óflugir. Hugsanlega er getan til að hugsa sjálfstætt þess vegna besta vörnin í flóknum heimi vaxandi tækni og vísinda. Þess vegna er gagnrýnin sjálfstæð hugsun mikilvægasta markmið skólastarfs. Ein nothæf áferð til náms felst í beinni upplifun þar sem leitast er við að næra náttúrulega forvitni. Skapandi hugsun er eðli vísinda og er sú sama hvort heldur er í leik barnsins eða í starfi vísindamannsins.

Skipuleggjum skólann þannig að hann gefi kennurum og nemendum færi á að tengja þekkingu þvert á fræðigreinar. Hjálpum nemendum að tileinka sér hugtakabyggingu fræðigreina fremur en utanbókarnám ótengdra staðreynda.

Ólafur H. Sigurjónsson,
formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum.



Vissir þú að ...?

- samkvæmt upplýsingum frá OECD líður börnum á Íslandi almennt vel í skólum sínum? Þar má sjá að á lista yfir 29 lönd er Ísland í flokki fimm efstu landa sem koma best út þegar líðan barna er mæld út frá ýmsum breytum.
- lág laun kennara á Íslandi valda því að skólarnir eru ekki samkeppnishæfir í að laða til sín, t.d. raunvísinda- og tæknimenntað fólk í kennslu?
- laun kennara í löndum OECD eru að meðaltali um 126% af landsframleiðslu á mann en sambærileg tala fyrir kennara á Íslandi er 84%?
- nánast öll börn á leikskólaaldri á Íslandi eru í leikskóla?
- fjórðungur allra grunnskólabarna á Íslandi stundar nám í tónlistarskóla?
- íslenskir nemendur eru yfir ofan meðaltal í læsi og stærðfræði samkvæmt skýrslu OECD?
- hlutfall aldurshópsins fimm til 19 ára af íbúafjölda er hærra hér á landi en víðast hvar annars staðar í OECD-ríkjunum? Það skýrir m.a. að grunnskólinn á Íslandi er hlutfallslega dýrari en víðast í nágrenna löndum okkar.
- um 1.300 leikskólakennara vantar til starfa til að uppfylla lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskólum?

● HVAÐ ER KENNARA-SAMBAND ÍSLANDS?

Kennarasamband Íslands er stéttarfélag kennara og skólastjórnenda. Markmið þess er meðal annars að gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna og semja um kaup og kjör. Enn fremur að efla skólastarf almennt og stuðla að framþróun í uppeldis- og skólamállum. Kennarasambandið hefur starfað frá árinu 2000 og eru félagsmenn þess rúmlega tíu þúsund.

Innan vébanda KÍ eru eftirtalin félög: Félag framhaldsskólakennara, Félag grunnskólakennara, Félag leikskólakennara, Félag tónlistarskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, Skólastjórafélag Íslands, Félag stjórnenda í framhaldsskólum og Félag kennara á eftirlaunum. Sambandið heldur úti efnismikilli heimasíðu (www.ki.is), gefur út tímaritið Skólavörðuna og rafræna fréttabréfið Eplið. Kennarasamband Íslands er til húsa í Kennarahúsinu að Laufásvegi 81.

